

1. fundur starfshóps um félagslega heimaþjónustu.

Fundurinn er fjarfundur í Teams haldinn kl. 15, þriðjudaginn 2.febrúar 2021.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Valdimar Víðisson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Guðlaug Kristjánsdóttir, Sjöfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð. Anna Karen Svövdóttir, boðaði forföll.

1. Kynning á fulltrúum og embættismönnum í hópnum.

Ákveðið að fresta þessum lið til næsta fundar þar sem Anna Karen er fjarverandi.

2. Erindisbréf.

Farið yfir erindisbréf starfshópsins.

3. Fundartími og tímamörk.

Samkvæmt erindisbréf skal miða við að starfshópurinn haldi 10 fundi. Fundartími verður á þriðjudögum kl. 15 og eru fundarmenn sammála um að funda þétt og skila niðurstöðum eins fljótt og kostur er.

4. Væntingar fulltrúa í hópnum til verkefnisins.

Rætt um afmörkun verkefnisins, samanburð við önnur sveitarfélög bæði hvað varðar þjónustustig, gjaldskrá o.fl. Fram kom að Reykjavíkurborg er að setja sér reglur um stuðningsþjónustu við fullorðna og verður kallað eftir þeim reglum til upplýsinga. Ákveðið að Sjöfn, deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu kynni stuðningsþjónustu Hafnarfjarðar fyrir fullorðna á næsta fundi starfshópsins.

5. Fulltrúar notenda og hagsmunaaðila.

Eins og fram kemur í erindisbréfi skal leitað samráðs við notendur og hagsmunaaðila. Fundarmenn eru sammála um að fá fulltrúa notenda á þarnæsta fund starfshópsins. Mikilvægt er að fá þeirra sýn, áherslur og skoðanir hvað varðar þjónustuna.

6. Gagnaöflun.

Starfsmenn fjölskyldu- og barnamálasviðs kalla eftir gögnum sem nýtast í vinnu starfshópsins s.s. umfang þjónustunnar, upplýsingar um fjármagn sem varið er í þjónustuna, biðlista eftir þjónustunni, fjöldi fatlaðra og fjöldi eldri borgar sem nýta stuðningsþjónustuna, lýðfræðilegar breytingar í ljósi fjölgunar aldraðra o.fl. Einnig var rætt mikilvægi þess að fá upplýsingar um nýjungar í þjónustunni, heilsueflingu, velferðartækni o.fl..

Fundi slitið kl. 16.